

Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2017



Myndina tók Halla Harðardóttir fyrir [Vís sjá 28. desember 2017](#)

Reykjavík, mars 2018

Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2017

Umsjón:
Rakel Adolphsdóttir

*Yfirlestur:
Bragi Þorgrímur Ólafsson
Ragnheiður Kristjánsdóttir
Vilborg Eiríksdóttir



Kvennasögusafn Íslands
Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík
Sími: 525 5779

Netfang: kvennasogusafn@landsbokasafn.is
Veffang: <http://www.kvennasogusafn.is>

www.facebook.com/Kvennasogusafn
www.twitter.com/Kvennasogusafn

*Yfirlestur fór fram í september 2020 þar sem ljáðist að fullklára skýrsluna í mars 2018

Kvennasögusafn Íslands

Kvennasögusafn Íslands var stofnað 1. janúar 1975 á heimili Önnu Sigurðardóttur á Hjarðarhaga í vesturbæ Reykjavíkur. Það varð hluti af Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafns (Lbs-Hbs) árið 1996 og flutti þá í Þjóðarbókhöfuð. Kvennasögusafn er staðsett á 1. hæð og gögn þess eru lánuð til afnota á lessal Íslandssafns. Hlutverk Kvennasögusafns er að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Þá miðlar safnið þekkingu um sögu kvenna, aðstoðar við heimildaleit og hvetur til rannsókna á sviði kvennasögu. Safnið hýsir einkaskjalasöfn kvenfélaga sem og einstaklinga ásamt ýmsum skjölum sem tengjast íslenskum konum og sögu þeirra.

Stjórnarnefnd

Til stuðnings og ráðuneytis um málefni Kvennasögusafns Íslands starfar sérstök stjórnarnefnd og hefur gert frá árinu 1996, þegar Kvennasögusafn flutti frá Hjarðarhaga og í Þjóðarbókhöfuðuna.. Í hana skipuðu árið 2017: Ragnheiður Kristjánsdóttir af hálfu RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við HÍ, Ingibjörg H. Hafstað af hálfu Kvenfélagasambands Íslands, og Bragi Þorgrímur Ólafsson af hálfu Landsbókasafns.

Starfsmenn

Rakel Adolphsdóttir sagnfræðingur tók við starfi sérfræðings á Kvennasögusafni Íslands í ágúst 2016. Aðrir starfsmenn Lbs-Hbs koma að ýmsum verkefnum eftir atvikum. Eins tekur starfsmaður Kvennasögusafns þátt í öðrum verkefnum Lbs-Hbs eftir atvikum.

Starfsemi safnsins

Unnið er samkvæmt markmiðum Kvennasögusafns Íslands: að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Safninu er einnig ætlað að miðla þekkingu um sögu kvenna, aðstoða þá sem leita heimilda á því sviði, hvetja til rannsókna á sviði kvennasögu og kvennafræða og stuðla sjálfst að rannsóknum á safnkostinum.

Safnið setur sér það markmið að vera fyrsti viðkomustaður þeirra er leita sér upplýsinga um einstaka konur eða atburði í sögu íslenskra kvenna.

Til safnsins leita einkum nemandur og fræðimenn í heimildaleit og annað áhugafólk um kvennasögu. Talsvert berst af fyrirspurnum símléiðis og með tölvupósti. Safnið er skráð í gagnagrunna um stofnanir á sviði kvennasögu og kynjarannsókna og berast því fyrirspurnir erlendis frá.

Dagleg starfsemi felst í:

- Viðveru á afgreiðslutíma safnsins.
- Viðtöku, grísjun, skráningu og frágangi þeirra gagna sem í safnið berast.
- Aðstoð við notendur safnsins. Er þá átt við aðstoð við heimildaöflun vegna verkefna á sviði kvennasögu og kynjafræða, einnig ráðgjöf um verkefni á þessu sviði.
- Upplýsingum og ráðgjöf um tölvupóst, bæði til innlendra aðila og erlendra.
- Upplýsingum og ráðgjöf í síma, bæði til notenda safnsins og einstaklinga og félagasamtaka sem hafa hug á að afhenda safninu gögn.
- Sjálfstæðum rannsóknum sem nýtast Kvennasögusafni.

Þá eru ýmis önnur verkefni í höndum sérfræðings safnsins: erlent samstarf, ráðstefnur og fundir, útgáfumál, sýningar, greinaskrif og fyrirlestrar.

Safnið var opið alla virka daga milli kl. 10–15 en sérfræðingur hafði lengri viðveru.

Kvennasögusafn hefur verið staðsett á 4. hæð Þjóðarþóklöðunnar í 20 ár en flutti haustið 2016 á 1. hæð þess. Þaðan eru sótt skjöl fyrir gesti til afnota á [lestrarsal](#) á 1.hæð og þar er lengri opnunartími.

Fyrirspurnir og heimsóknir

Skráðar voru 152 fyrirspurnir sem bárust á árinu eftir ýmsum leiðum; símleiðis, tölvupóstum, í gegnum samfélagsmiðla og með heimsóknum. Þar af voru 20 karlar og 132 konur. Fyrirspurnirnar voru jafn fjölbreyttar og þær voru margar og mislangan tíma tók að vinna úr þeim. Flestar fyrirspurnir koma frá Íslendingum en einnig bárust fyrirspurnir frá erlendum aðilum, t.d. frá Ástralíu, Bandaríkjunum, Brasilíu, Bretlandi, Danmörk, Frakklandi, Írlandi, Ísrael, Svíþjóð og Ungverjalandi. Yfirleitt voru það fjölmiðlar í leit að upplýsingum um einstaka atburði á borð við Kvennafrídaginn 1975 en skjöl kvennafrídaysnefndarinnar eru varðveitt á Kvennasögusafni.

Í gestbók rituðu 127 manns nafnið sitt. Nokkrir hópar komu í heimsókn, m.a. frá Bandaríkjunum, Póllandi, Skotlandi og Suður-Kóreu. Einnig komu grunn- og framhaldsskólanemar í heimsókn en háskólanemar og fræðifólk telja flesta gesti Kvennasögusafns. Þá voru um 31 manns sem fengu gögn í útlán á lessal 1. hæðar Þjóðarþóklöðunnar, átta karlar og 23 konur. Fengu þau mismörg gögn lánuð í hvert sinn og voru með þau mislengi til skoðunar.

Aðföng

Sautján einkaskjalasöfn voru afhend á árinu en auk þess komu inn nokkrar aðrar gjafir á borð við bækur, tímarit og einstaka muni. Er þessum gjöfum ráðstafað eftir því sem þykir henta best hverju sinni. Af nýjum einkaskjalasöfnum má taka sem dæmi skjöl Soroptimistasambands

Íslands, Zontuklúbbs Selfoss, ljósmyndir og skjöl Kristínar Jónsdóttur, handskrifaðar matreiðslubækur Kolfinnar Gerðar Pálsdóttur og sögur tveggja #metoo hópa. Nýtt kerfi til að númera einkaskjalasöfnin var tekið upp í ár og eru þau núna merkt með ártali og svo númeri: KSS 2017/1, KSS 2017/2 o.s.frv. Afhendingar sem bárust fyrir árið 2017 haldast áfram á númeri KSS 1, KSS 2 o.s.frv. Einkaskjöl eru skráð á vefinn www.einkaskjol.is en einnig má finna skjalaskrár á vef Kvennasögusafns.

Vefir og samfélagsmiðlar

Kvennasögusafn heldur sérvef. Innlit á vefinn voru alls 11.443 samkvæmt teljara. Þá sér safnið líka um facebook og twitter síður. Í upphafi árs voru 1.031 sem líkuðu við síðuna en í lok árs voru 1.332 sem líkuðu við síðuna. Twitter fylgjendur voru 184 í lok árs 2017. Vinsælustu færslurnar á samfélagsmiðlum voru um Kvænnafríð 1975, Þorbjörgu Sveinsdóttur ljósmóður, Ingibjörgu H. Bjarnason þingkonu og fyrsta kvennaliðið í fótbolta Hvöt sem var stofnað árið 1914 af 13-19 ára stúlkum á Ísafirði.

Sýningar og kjörgripir

Sýning til heiðurs Selmu Jónsdóttur, fyrstu konunnar til að verja doktorsritgerð við Háskóla Íslands, var opnuð í Þjóðarbókhöðunni á fæðingardegi hennar 22. ágúst. Sýningin var sett upp í samstarfi við Listasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Listfræðifélag Íslands og Safnahús Borgarfjarðar en allar þessar stofnanir minntust Selmu á sama tíma hver með sínum hætti. Kvennasögusafn vann [sérvef](#) að þessu tilefni. Kjörgripur mánaðarins í ágúst á Landsbókasafni var doktorsritgerð Selmu en Kvennasögusafn lagði einnig hönd á plóg varðandi tvo aðra kjörgripi sem og örsýningu í kringum þá á árinu: 100 ára minning Louisu Matthíasdóttur og hlutabréf í Kvænnaheimilinu Hallveigarstöðum.

Rafrænt efni

Í tilefni af hálftrar aldar afmæli opunar Kvænnaheimilisins Hallveigarstaða voru sjö fundargerðarbækur þeirra frá árunum 1924 til 1968 myndaðar og [gerðar aðgengilegar á rafrænan hátt](#) ásamt nokkrum skjölum en einkaskjalasafn Hallveigarstaða er varðveitt á Kvennasögusafni. Þá voru öll fréttablöð, tímarit og stefnuskrár Kvænnaalistans mynduð og gerð aðgengileg á rafrænan hátt í samstarfi Landsbókasafns, Kvennasögusafns og Kristínar Jónsdóttur í tilefni af vefnum hennar sem var opnaður í ár: www.kvænnaalistinn.is.

5. desember

Árlegur jólafundur Kvennasögusafns og Kvenréttindafélags Íslands fór fram 5. desember sem er afmælisdagur Önnu Sigurðardóttur (1908-1996), stofnanda Kvennasögusafns. Fór fundurinn að þessu sinni fram í Þjóðarbókhöðunni að morgni til og voru haldin tvö erindi: Ásta Kristín Benediktsdóttir, íslensku- og bókmenntafræðingur, kynnti verkefnið „Hinsegin huldukonur: Hinsegin kynverund kvenna í íslenskum heimildum 1700–1960“ sem er styrkt af Jafnréttissjóði Íslands og unnið í samstarfi við Samtökin 78. Og Kristín Jónsdóttir kynnti vef sinn www.kvennalistinn.is sem einnig var styrktur af Jafnréttissjóði. Bæði verkefnin nutu einnig stuðnings Kvennasögusafns. Boðið var upp á heitt súkkulaði og meðlæti.

Norrænt samstarf

Kvennasögusafn Íslands er í nánum tengslum við NIKK, Nordisk Information för Kunskap om Kön, sem hefur frá 2012 haft aðsetur í Gautaborg í Svíþjóð. NIKK starfar á vegum Norðurlandaráðs og er ein af stofnunum ráðsins. NIKK hefur kallað saman fulltrúa kvennasögusafna og upplýsingastöðva á Norðurlöndum til árlegra funda. Þessi söfn hafa með sér óformlegan félagsskap sem nefnir sig NING, eða Nordic Information Network Gender. Sérfræðingur Kvennasögusafns sótti fund NING í Osló í apríl.

Aðföng 2017

Handrit

- Janúar 2017** Borgþór Kjærnested afhenti bréf sem Svava Jakobsdóttir hafði sent honum árið 1974 og var svar við fyrirspurn hans um ný jafnréttislög. [*Tilvísun*: KSS 2017/1]
- 7. febrúar 2017** Um hendur Helgu Hjörvar komu skjöl um og frá Maríu Hugrúnu Ólafsdóttur (1921–1979). Inniheldur einkaskjalasafnið meðal annars bréf, bók og dvd-disk. Athugasemd: Dvd-diskurinn var afritaður og vistaður rafrænt, síðar sendur til baka að beiðni fjölskyldu. [*Tilvísun*: KSS 2017/2]
- 17. febrúar 2017** Núverandi stjórn Soroptimistasambands Íslands afhenti 66 öskjur af efni sambandsins sem var þegar flokkað. Með fylgdi skjalaskrá. Aðgangur að skjalaskránni og gögnunum er háð leyfi stjórnar Soroptimistasambandsins. [*Tilvísun*: KSS 2017/3]
- 22. febrúar 2017** Um hendur Valgerðar Bergsdóttur barst efni af sýningu um Briem systur. Sýningin var sett upp árið 2015 á Akranesi með styrk af sjóði 100 ára kosningarréttar kvenna á Íslandi. Inniheldur afhendingin m.a. vísur, ljósmyndir og texta af sýningunni. [*Tilvísun*: KSS 2017/4]
- 6. mars 2017** Kristín Jónsdóttir afhenti skjöl sín sem tengjast formennsku hennar í Delta Kappa Gamma félaginu. [*Tilvísun*: KSS 2017/5]
- 10. apríl 2017** Kristín Jónsdóttir afhenti ljósmyndir frá Kvennaframboðinu og Kvinnalistanum. [*Tilvísun*: KSS 2017/6]
- 5. maí 2017** Systurnar Bergljót og Ingibjörg Stefánsdætur afhentu nokkur gögn móður sinnar, Elínar Guðmundsdóttir, en áður höfðu þær afhent skjalasafn hennar. Þessi viðbót innihélt meðal annars bréf, plaköt, ljósmyndir og fleira. [*Tilvísun*: KSS 2017/7]
- 11. maí 2017** Finnbogi Guðmundsson afhenti skjöl konu sinnar, Sigríðar Matthíasdóttur, er tengdust starfi hennar við Kvinnalistan. Innihélt afhendingin m.a. bókhaldsgögn, ljósmyndir og muni. [*Tilvísun*: KSS 2017/8]
- 24. ágúst 2017** Um hendur Árna Emils Bjarnasonar bárust gögn Nönnu Kaaber: áfengisbók fyrir konur, meðlimakort í *Den unge gartner* 1937-1938 og járnæla [án nælu]. Er þetta viðbót við safn Nönnu sem barst Kvennasögusafni árið 2016. [*Tilvísun*: KSS 2017/9]
- 25. september 2017** Til safnsins barst í gegnum gjafadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns handskrifaðar og vélritaðar vinnubækur úr Hússtjórnarskóla Íslands. Bækurnar afhenti Anna Friðriksdóttir en þær voru í fórum móður hennar Kolfinnar Gerðar Pálsdóttur (f. 1924). [*Tilvísun*: KSS 2017/10]

- 25. september 2017** Hrafnhildur Sigurðardóttir (f. 1945) leikskólakennari afhenti gögn hennar úr námi sínu í Fóstruskólanum árið 1965 en gögnin röðuðust að hluta til saman vegna sýningar sem sett var upp í Kennaraháskóla Íslands 3. nóvember 2016. Safnið innheldur blaðaúrklippur, prentað efni, skapalón og fündurmappa, nælur og fleira. [*Tilvísun*: KSS 2017/11]
- 2. nóvember 2017** bárust um hendur Heiðísar Gunnarsdóttur skjöl Zontaklúbbs Selfoss sem starfræktur hafði verið frá 1972 þar til 2015 en Heiðís var um tíma formaður klúbbsins. Safnið inniheldur meðal annars skýrslur, fundargerðarbækur, fundargerðir, blaðaúrklippur, stofnbref og fundarhamar. [*Tilvísun*: KSS 2017/12]
- 7. nóvember 2017** var móttekið með pósti úrklippubók, límmiða og barmerki tengd kvennafrídögunum 1975 og 1985 en þetta hafði Lára V. Júlíusdóttir (f. 1951) lögfræðingur sent úr sínum fórum. [*Tilvísun*: KSS 2017/13]
- 8. nóvember 2017** barst safninu um hendur Viðars Vésteinssonar hlutabréf Rósu Maríu Þóru Guðmundsdóttur (1917–2010) í Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum ásamt úrklippum sem innihalda upplýsingar um Rósu Maríu Þóru. [*Tilvísun*: KSS 2017/14]
- 20. desember 2017** afhenti Þórey Anna Matthíasdóttir põesíbók móður sinnar, Líneyjar Sigurjónsdóttur (1928–2017). [*Tilvísun*: KSS 2017/15]
- 18. desember 2017** sendi Heiða Björg Hilmisdóttir með tölvupósti skjöl áskorun til stjórnmalanna vegna #metoo byltingarinnar. [*Tilvísun*: KSS 2017/16]
- 20. desember 2017** sendi Edda Ýr Garðarsdóttir yfirlýsingu þar sem konur í menntakerfinu krefjast fræðslu og skýrra verkferla til að taka á kynbundnu ofbeldi í kjölfar #metoo byltingarinnar. [*Tilvísun*: KSS 2017/17]

Annað

- Apríl 2017** Guðmundur Steinbach sendi danska bók um Mathilde Lutken eftir Enu Hvidberg þar sem hann taldi hana vera áhugaverða fyrir safnið að eiga þar sem Mathilde er nátengd Íslandi og íslenskar konur koma við sögu.
- September 2017** Sigurlaug Sæmundsdóttir gaf Kvennasögusafni skjöld eftir Ríkharð Jónsson af Elínu Briem sem gerður var í tilefni af sjötugsafmæli hennar árið 1928. Afsteypuna má finna í safni Ríkharðs í Djúpavogi. Skjöldurinn hangir á skrifstofu Kvennasögusafns.